

## Fyrirspurn

til forsætisráðherra um störf í álverum.

Frá Ögmundi Jónassyni.

1. Hve mörgum störfum er gert ráð fyrir við álver við Húsavík og hve mörgum störfum við stækkun álversins í Straumsvík, ef af verður?
2. Hve mörg störf má ætla að tapist vegna ruðningsáhrifa og verri skilyrða í öðrum greinum?
3. Er gert ráð fyrir að afleidd störf séu fleiri í tengslum við álframleiðslu en í öðrum greinum, svo sem sjávarútvegi, heilsutengdri ferðaþjónustu, rannsóknum og hátæknistarfsemi?
4. Á hvaða forsendum hvíla fullyrðingar ráðherra um að hagvöxtur verði 5–6% meiri en ella og tekjur ríkissjóðs 10–15 milljörðum kr. meiri ef af fyrirnefndum álversframkvæmdum verður?

**Skriflegt svar óskast.**